

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Gufunes, samgöngutengingar.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, 1. desember 2021, deiliskipulag fyrir samgöngutengingar í Gufunesi. Um er að ræða u.þ.b. 20 hektara svæði og er markmið skipulagsins m.a. að festa inni á deiliskipulagi bráðabirgðatengingar fyrir innanhverfisveg og stígatengingar frá Gufunesi upp á Strandveg í Grafarvogi, ásamt því að tryggja góð tengsl við umhverfið með fyrirkomulagi stíga, gatna og opinna svæða. Einnig er Hallsteinsgarður og nærumhverfi fest í sessi inni á deiliskipulagi o.fl. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Koparsléttu 5.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 7. janúar 2022, breytingu á deiliskipulagi Esjumela vegna lóðarinnar nr. 5 við Koparsléttu. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit lóðarinnar um 4 m til suðausturs. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Barónsstígur 21.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 7. janúar 2022, breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.3 vegna lóðarinnar nr. 21 við Barónsstíg. Í breytingunni felst að hækka þak/riðshæð hússins og setja kvisti við austur- og vesturhlíð hússins. Setja inndregnar svalir að götuhlíð við Barónsstíg og léttar svalir á suðurhlíð hússins og framlengja tröppur stigahússins upp að ríðshæð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 25. janúar 2022.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfudagur: 8. febrúar 2022